

From: Sýlvía Karen Heimisdóttir
Sent: Tue, 7 Oct 2025 15:38:21 +0000
To: Sýlvía Karen Heimisdóttir
Subject: FW: Háskólalestin í Uppsveitum Árnassýslu og Flóahreppi.

From: Kristín Ása Einarsdóttir - HI <kristei@hi.is>
Sent: þriðjudagur, 16. september 2025 11:13
To: Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>; fjola@gogg.is; aldis@fludir.is; Sýlvía Karen Heimisdóttir <sylviakaren@skeidgnup.is>; floahreppur@floahreppur.is
Cc: Eyrún Eggertsdóttir - HI <eyrunegg@hi.is>
Subject: Háskólalestin í Uppsveitum Árnassýslu og Flóahreppi.

Kæru sveitarstjórar,

Háskólalest Háskóla Íslands verður á ferðinni með lifandi vísindafræðslu fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum Árnassýslu og Flóahreppi dagana 19. og 20. nóvember nk., og stendur fyrir Opnu vísindahúsi þann 22. nóvember. Dagsetningarnar eru staðfestar og búið er að funda með skólastjórnendum viðkomandi skóla.

Við munum bjóða nemendum ykkar í 8.–10. bekk upp á vel valin námskeið Háskóla unga fólksins. Þetta eru:

Bláskógaskóli (Bláskógabyggð)
Reykholtsskóli (Bláskógabyggð)
Flúðaskóli (Hrunamannahreppur)
Kerhólsskóli (Grímsnes- og Grafningshreppur)
Flóaskóli (Flóahreppur)
Þjórskóli (Skeiða- og Gnúpverjahreppur)

Kennslan fer fram í Flóaskóla og koma nemendur úr öðrum skólum með skólabílum, sem að sögn þekkja vel vegna mikils samstarfs milli skóla á svæðinu. Kennurum í þessum skólum verður að auki boðið upp á kennarasmiðjur / menntahleðslur sem eru hugsaðar sem fagleg endurnýjun og innblástur fyrir kennara, þar sem lögð er áhersla á skapandi kennslu og hagnýt verkfæri í kennslu.

Í Opna vísindahúsinu, sem verður á laugardegi, geta gestir á öllum aldri spjallað við fræðimenn og upplifað vísindin á lifandi og skemmtilegan hátt. Vísindamenn Háskóla Íslands sjá um kennslu og fræðslu í ferðinni.

Meginmarkmið Háskólalestarinnar er að kynna vísindi á fjölbreyttan hátt, styðja við starf grunnskólanna og efla tengsl við landsbyggðina.

Ástæða þess að ég hef samband við ykkur er til að kanna hvort sveitarfélögin hafi tök á að styðja við heimsóknina með einhverjum hætti. Í fyrri ferðum höfum við notið stuðnings sveitarfélaga sem buðu kennurum Háskólalestarinnar (um 11–15 manns) t.d. út á borða, frítt í sund eða inn á söfn. Önnur stuðningsform eru einnig vel þegin og gætu t.d. verið í formi þess að fella niður leigu á húsnæði fyrir Opið vísindahús eða því um líkt.

Endilega látið mig vita ef ég ætti frekar að hafa samband við einhverja aðra varðandi þetta mál.

Hlakka til að heyra frá ykkur.

Bestu kveðjur / All the best

Kristín Ása Einarsdóttir
Lestarstjóri Háskólalestarinnar
Teymisstjóri / Team Manager

Markaðs- og samskiptasvið / Division of Marketing and Public Relations

Háskóli Íslands / University of Iceland
Aðalbygging Sæmundargata 2

kristei@hi.is

Beinn sími / Direct tel.: +354 525 4219

Farsími / Mobile: +354 699 3569

www.hi.is / english.hi.is

